

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Eréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga



í trú, von og kærleika

sik.is

Nokkur orð um salt og ljós

Heyrum heilagt orð úr Mattheusarguðspjalli:

Jesús segir: „Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.

Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker heldur á ljóssastiku og þá lýsir það öllum í húsinu. Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.“ (Mattheusarguðspjall 5:13-18)

Fyrsta beina ræða Biblíunnar er úr sköpunarsögunni: Guð segir: Verði ljós!

Og það bjarmar af orðum sköpunarsögunnar um ljósið á nýjan hátt í upphafskaflla Jóhannesarguðspjalls þar sem segir um Jesú: „Í honum var líf og lífið var ljós mannanna. Ljósið skín í myrkrinu og myrkið tók ekki á móti því.“

Ljósið er öllu lífi nauðsynlegt en almennt tökum við því sem sjálfsögðu. Við reiknum með ljósinu frá sólarupprás til sólarlags og þegar birtu bregður skiptir það okkur ekki öllu máli því þá náum við okkur í ljós með því að ýta á takka. Sums staðar er hægt að gefa ljósaþúnaði heimilisins skipun með röddinni: Verði ljós! Og þá verður ljós.

En fyrir samtíðarfólk Jesú er varla hægt að hugsa sér skýrari andstæður en ljós og myrkur. Sólin var ljós dagsins en eftir að myrkið skall á var það skíman frá tunglinu og stjörnunum með hjálp frá glæðingum elds og bjarma frá kyndlum sem hjálpa-

uðu rétt svo til að hægt væri að sjá handa sinna skil.

En þegar Jesús segir: „Þér eruð ljós heimsins“ á hann við annars konar ljós og um annars konar myrkur en hið náttúrulega. Þar ræðir um myrkur og skuggahliðar mannlífsins.

Þar er okkur öllum ætlað að vera hans samverkafólk.

Því ljós heimsins, Jesús, segir: „Þér eruð ljós heimsins. Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.“

Salt er sérstaklega notað í tvennum tilgangi: Að varðveita og að krydda.

Fyrir daga kæla og frystikista var saltið meginaðferðin sem notuð var til að koma í veg fyrir að matvæli rotuðu. Jesús minnst að vísu ekkert á rotnun matvæla þegar hann kallar vini sína Salt jarðar heldur er það auðskilin myndlíking. Að vera salt jarðar er að varðveita veröldina frá rotnun illra áhrifa illskunnar. En salt er einnig bragðefni sem hefur þann sérstaka eiginleika að draga fram bragð af mat. Sumt bragðast beinlínis illa án salts, til dæmis poppkorn og fyrir mitt leyti fúlsta ég við saltlausum hafragraut.

Þegar við erum salt jarðar þá hljótum við að vera krydd í tilveru annarra og bætum við bragð hennar, til dæmis með því að breiða út þakklæti, samhug og gleði.

Hvernig getum við verið ljós heimsins? Við erum endurskin af ljósi Jesú á sama hátt og tunglið endurvarpar birtu sólarinnar.

Guðmundur Karl Brynjarsson

Ég heyri raust

Ég heyri raust, sem hljóðlát til mín talar. Hún tendrar ljós og birtu um myrkursvið, og ómur hennar sárum þorsta svalar og sendir inn í hjartað djúpan frið.

Í þeirri raust ég heyri góðan hirði, í honum sé þann Guð, sem frelsi oss vann; og hjartað sér að allt er einskis virði, já, aðeins sorp hjá því að þekkja hann.

Ég heyri og sé þann hirði góða benda á hvíta akra er skortir verkamenn. Ég heyri hann spyrja: „Hvern á ég að senda til hjálpar meðan dagur ljómar enn?“

Og þetta kall ég finn um æðar fara, mig fylla þrá að velja þjónsins stig, og ég veit ekkert sælla en fá að svara „Hve sælt, ó Guð, ef þú vilt nota mig.“

Bjarni Eyjólfsson

Kristniðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniðsfréttir segir frá kristniðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristnið sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til kristnið@sik.is – annað hvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri er Friðrik Hilmarsson Zimsen

Útlit og uppsetningu annast Huguína Lena Hansdóttir

Prentun er í höndum Litrófs.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniðsambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: kristnið@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Forsíðumynd: Nemandur framhaldsskólans í Kongelai í Pókot sækja vatn í brunn á kirkjulóðinni.

Hvað er kristnið

Kristnið snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðareringið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleikspjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólki verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skóla-starfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdefelingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniðaða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk. Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lefensins og birtingu á netinu. SÍK býður útlendingum ókeypis íslenskukennslu.

Fjármál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjárfloflun og sölu á nytjamarkaði Basarsins. Þjóðkirkjan styður starfið með árlegu framlagi, Utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 100 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarþærar til skatts.

Kríasálmar

Undanfarin fjögur ár, þó með hléum vegna samkomutakmarkanna og fleira, hefur verið boðið upp á svokölluð Kríasálmanámskeið, tónlistarnámskeið fyrir foreldra með ung börn í Kristniboðssalnum. Námskeiðin eru þátttakendum að kostnaðarlausu og hafa verið vel sótt en pláss er fyrir um 20 fjölskyldur á hverju námskeiði.

Flestir þátttakendur hafa verið af erlendum uppruna enda er það góð leið fyrir foreldrana að læra íslensku í gegnum söng og leik og eiga um leið gæðastund með börnum sínum. Námskeiðin eru þó öllum opin og þó nokkrar íslenskar fjölskyldur meðal þátttakenda sem er mikill styrkur. Helga Vilborg Sigurjónsdóttir, sem er starfsmaður SÍK og menntuð söngkona og tónmenntakennari, leiðir námskeiðin en Angela Joransen hefur verið henni til aðstoðar. Stefnt er á að bjóða áfram upp á kríasálma í haust.



Hlaupið á Esjuna til styrktar börnum í Eþíópíu

Félagarnir Davíð Ómar Kristjánsson og Kristleifur Heiðar Helgason eru að útskrifast úr 10. bekk Réttarholtsskóla nú í vor. Það er hefð fyrir því í skólanum að nemendur skili lokaverkefni og fá þeir nokkurnvegin frjálsar hendur varðandi innihald verkefnisins. Þeir skila svo af sér niðurstöðum í formi myndbands og halda kynningu fyrir foreldra og yngri nemendur skólans.

Davíð Ómar og Kristleifur Heiðar ákváðu að hlaupa frá Réttarholtsskóla að rótum Esjunnar sem er um 21 km eða hálf maraþon og svo í framhaldinu upp á toppinn þar sem þeir teffdu eina skák áður en þeir hlupu svo aftur niður. Í aðdraganda og undirbúningi tóku þeir viðtal við langhlaupara og næringarfræðing og svo vildu þeir láta gott af sér leiða. Þeir ákváðu því að safna áheitum og völdu að styrkja verkefnið „Af götu í skóla“ sem Kristni-boðssambandið vannur í samstarfi við sam-

tökin My Sisters. My Sisters starfa meðal hinna allra fátækustu í höfuðborg Eþíópíu, Addis Abeba og hefur starf þeirra haft gífurleg áhrif á líf fjölda barna og kvenna í borginni. Gaman er líka að segja frá því að Davíð Ómar fæddist einmitt í Addis Abeba þar sem foreldrar hans voru kristniboðar á vegum SÍK.

Þegar drengirnir lögðu af stað í hlaupið 31. maí síðastliðinn höfðu safnast 155 þúsund krónur í áheit. Eins og áður sagði gerðu þeir myndband sem sýnir frá verkefninu og munum við birta stiklu úr því á samfélagsmiðlum SÍK von bráðar.

Við þökkum þeim Davíð Ómari og Kristleifi Heiðari fyrir að leggja á sig þetta afrek og styrkja með því verkefnið „Af götu í skóla“ og biðjum þeim Guðs blessunar í framtíðinni. Einnig flytjum við þeim sem lögðu fram áheit kærar þakkir með bæn um blessun.



Íslenskukennskukennslan í örum vexti

Áttunda vetrinum í íslenskukennslunni er nú lokið hjá Kristniðóssambandinu. Fyrsta árið voru nemendur um 40 en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt. Það er svo komið að á vormisserinu 2023 voru ríflega 200 skráðir og 170 af þeim voru að mæta og voru lengi vel um 80 nemendur í hverri kennslustund. Það var mikil áskorun bæði fyrir kennsluna og aðstöðuna. Það væri betra ef kennslan væri á fjórum dögum í smærri hópum því húsakynninn bera varla svo mikinn fjölda í einu og erfitt er að ná til 80 einstaklinga í kennslunni.

Kennt var í hálf tíma, síðan sungin lög sem festa orð og hugsun í minni. Að því búnu var æfing í talmáli í smærri hópum undir leiðsögn sjálfboðaliða. Kristniðóssambandið naut blessunar Guðs í vetur af auknum fjölda sjálfboðaliða sem margir eru fyrrverandi kennarar. Það voru skráðir 16 sjálfboðaliðar og þurfti svo sannarlega liðsinni þeirra allra. Um tólf mættu í hverri viku, einhverjir voru saman með hóp en aðrir komu af og til og leystu af eftir þörfum. Mikilvægasta starfið fer fram í hópunum þar sem fólkið fær tækifæri til að æfa sig að segja stuttar setningar og fá hugrekki til að tjá sig á framandi tungu. Við sem að kennslunni komum finnum til mikils þakklætis frá nemendunum sem koma frá 30 löndum og mörg þeirra skilja ekkert í íslensku né ensku. Flestir vinna á grunnstigi evrópska tungumálarammans A1 en í hópunum eru einnig framhaldshópar á erfiðleikastigi A2 og B1.



Breyttur hópur

Það hefur orðið mikil breyting á samsetningu hópsins. Það er reitingur héðan og þaðan og í mörg ár hefur kjarni af konum frá Afganistan komið aftur og aftur til að fá málsamfélag til að æfa sig en í vetur hefur þessi mikla aukning af fólki verið nánast eingöngu frá Venesúela. Eftir áramót má segja að um 70% nemenda hafi verið frá Venesúela en það vekur undrun að flóttafólkið frá Úkraínu hefur ekki komið í íslenskukennsluna. Aldrei höfum við fengið jafn marga umsækjendur um alþjóðlega vernd sem eru þá ekki með kennitölu og engin réttindi í landinu til að stunda annað nám eða vinnu. Kennarar voru Bárá Friðriksdóttir og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir og Bryndís Róbertsdóttir, starfsmaður á skrifstofu SÍK, sá um ýmis praktísk mál auk þess að vera með hóp í talþjálfun.

Árangur vekur gleði

Að lokum er hér ein saga úr starfinu en fyrir jól kenndi undirrituð nokkrum Afgönnum að draga til stafs og hugsunina í lestri. Ein konan sem hefur lengi mætt í íslenskukennsluna kom til að læra að skrifa latneska letrið. Við höfðum aldrei getað tjáð okkur nema í gegnum bros, faðmlög

og handahreyfingar og svo færði hún okkur Bryndísi á skrifstofunni stundum ljúffengan heimabakstur. Ég talaði við hana á einfaldri íslensku, hún treysti sér ekki til að segja neitt á íslensku, muldraði eitthvað á sínu máli en við skildum hlýjan hug hvor annarrar. Þegar hún hóf að læra íslensku stafina tókst hún á við það af myndarskap. Hún skrifaði eftir forskriftinni af kappi, fór með bókina heim og skrifaði hverja blaðsíðuna á fætur annari á milli tíma. Hún ætlaði sér að ná þessu. Undir lok kennslunnar í vor kom hún til mín, við föðmuðumst að venju og hún sagði hátt og skýrt: „Gaman að sjá þig!“ Ég varð hissa og glöð og sagði: „Sömmuleiðis.“ Hún svaraði „sömmuleiðis“, á milli þess sem við litum á hvora aðra, hlógum og endurtókum þessar setningar og föðmuðumst. Svo dró hún upp litla stílabók sem hún hafði nánast fyllt út með íslenskum orðum úr kennslunni og þuldi upp símanúmerið sitt og fleira sem hún hafði vald á. Ég eiginlega klökknaði að sjá árangur hennar og stoltið og gleðina yfir því að þora og geta. Þetta minnti mig á hve dýrmætt starfið er, ekki bara að kenna íslensku heldur að valdefla einstaklinga og aðlaga að íslensku samfélagi.

Bárá Friðriksdóttir

Sjálfboðaliðinn



Ég var svo lánsöm að vera beðin um að aðstoða við íslenskukennslu fyrir út-
lendinga á vegum SÍK. Ég segi lánsöm
vegna þess að þetta er gefandi starf á svo
margan hátt, auk þess er eftirsóknarvert
að láta gott af sér leiða. Ég mætti til leiks í
Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut í sept-
ember árið 2021 með tvær hendur tómar.
Við mér blasti hlýlegur salur fylltur glað-
væru litríku fólki á ýmsum aldri.

Mér var fagnað af leiðbeinendum, sem
greinilega lögðu hjarta sitt í verkefnið.
Jákvætt viðmót þeirra varð mér hvatning
til að halda áfram og ég mæti einu sinni
í viku yfir vetrartímann. Ég hef séð um
að kenna í hópum með allt frá 8 uppí 20
einstaklingum. Einn starfsmaður leiðir
söng og sér um kennslu fyrir alla í byrjun og
leggur þannig línurnar fyrir leiðbeinendur í
hópunum. Nemendur mínir fyrri veturinn
voru m.a. Venesúelabúar, konur frá Afg-
anistan og Afríkubúar komnir með smá
grunn í íslensku sem gott var byggja á.

Þennan vetur hef ég eingöngu verið
með byrjendur frá Venesúela, Perú og
Afríku. Það er á margan hátt ævintýri líkast
að detta inni þennan heim. Þarna erum við
algjörlega í núinu, njótum hvorrar mínútu,
gefum af okkur og þyggjum. Íslenskan er
snúið tungumál og það er gaman að finna
áhugan og viljann hjá nemendum að ná
tökum á henni. Fyrir mig er það áskorun að
geta lagt mitt af mörkum til að svo verði
þó í litlum mæli sé. Öll samskipti byggjast
á einlægni og þakklæti og þátttekendur
styrkjast félagslega.

Svo gengur maður út í gráan hversdaginn
og þakkar Guði fyrir lífið og fjölbreytileikann
og biður Hann að blessa þetta mikilvæga
starf og kalla fleiri leiðbeinendur til liðs.

Þórdís Klara Ágústsdóttir



Fyrstu árin sem kennd var íslenska á
vegum SÍK var Kristín Bjarnadóttir, vinkona
mín, umsjónarkennari. Hún reyndi að
höfða til mín sem íslenskukennara að taka
þátt í talkennslunni en ég var ekki tilbúin
fyrir en um það leyti sem ég hætti störfum.
Þá var Kristín svo elskuleg að leyfa mér að
koma í nokkra tíma sem aukamanneskja
til reynslu og þannig gat ég lært af öðrum
sjálfboðaliðum.

Fyrst í stað fannst mér erfitt að læra
nöfn nemenda og halda uppi samræðum
en ég féll strax inn í sjálfboðaliðahópinn
og starfsánægjan hefur aukist ár frá ári.
Í COVID-faraldrinum var ákveðið að hver
kennari hitti alltaf sama hóp nemenda og
það auðveldar mér að kynnast hverjum
einstaklingi. Ég er líka svo lánsöm að hafa
mína eigin kennslustofu (bænaherbergið)
en það eru því miður forréttindi fárra.

Núorðið styðst hópurinn minn við ákv-
eðna kennslubók og blessunarlega er st-
undum farið út fyrir efnið svo að ég óttast
ekki lengur að verða uppiskroppa með
umræðuefni. Það kemur mér sífellt á óvart
hvað nemendur eru þakklátir fyrir það sem
fyrir þá er gert. Þannig fæ ég á tilfinninguna
að ég sé að gera gagn og sjálfboðastarfið
veitir mér ákveðinn tilgang.

Eins sakna ég þó frá mínum gamla vinn-
ustað: Þar störfuðu karlar og konur hlið við
hlið sem jafningjar en í íslenskukennslu SÍK
eru konur nánast einráðar. Væri gaman ef
breyting yrði þar á næsta skólaár.

Sigríður Jóhannsdóttir



Þegar ég hætti að vinna var ég spurð
hvort ég vildi vera sjálfboðaliði í íslensku-
kennslunni og varð það úr. Ég hef nú verið
tvo vetur og kann mjög vel við mig í þessari
kennslu, þó ég sé ekki kennari. Ég kann
íslensku og fæ námsefni og verkefni upp
í hendurnar.

Í fyrstu var ég með nemendur frá Afg-
anistan sem kunnu ekki ensku nema ein
kona sem einnig kunni talsverða íslensku.
Hún vildi vera með í þessum hópi til að
geta stutt landa sína þó hún ætti betur
heima í hópi með lengra komnum. Hún
vildi hjálpa löndum sínum. Án hennar hefði
kennslan hugsanlega verið gagnslaus. Eitt
sinn kom upp orðið stígvél og ég útskýrði
það með mynd. Þá spurði þessi kona: „En
vél er machine?“ Ég hafði engin svör og
varð að segja „þetta er bara svona.“

Einn vetrardag þegar veðrið var öm-
urlegt benti ég út um gluggann og spurði:
„Af hverju viljið þið vera hérna?“ Svarið
kom strax: „Hér er friður.“ Ég fékk tár í
augun og skammaðist mín fyrir að kvarta
yfir veðrinu.

Við fórum í ferð til Þingvalla í fyrri. Ég
gleymi því ekki þegar sýrlensk kona dans-
aði á pallinum við Öxarárfoss. Hún var svo
glöð að vera frjáls. Hún er enskukennari
og leggur hart að sér að læra íslensku.
Þannig er bæði hámenntað fólk hjá okkur
og einnig fólk sem hvorki kann að lesa ná
skrifa. Þau menntuðu hafa mikið forskot
og ungt fólk er fljótara að læra en þau eldri.

Það er spennandi að fá að kynnast fólki
víða að úr heiminum. Það ríkir traust og
væntumþykja milli nemenda og kennara
sem er ómetanlegt. Öll skiljum við tung-
umál kærleikans.

Ragnheiður Sverrisdóttir

Hátíðarhöld í Konsó í Eþíópíu

„Þetta var eins og þjóðhátíð,“ segir Karl Jónas Gíslason kristniþóði, Kalli, og umsjónarmaður Basarsins um heimsókn sína sem fulltrúi SÍK á stofnfund nýrrar „sýnóðu“ eða starfseiningar Mekane Yesu kirkjunnar í Eþíópíu í febrúar sem leið. Mörg þúsund manns söfnuðust saman á lóð kirkjunnar, áður lóð kristniþóðsins, þar sem ræður voru fluttar og ótal margir kórar tóku þátt. Segja má að bærinn allur hafi verið undirlagður, fulltrúar yfirvalda fluttu ávörp og hátíðarbragur var á öllu.

Laugardaginn 18. febrúar fór fram formleg stofnun Central Rift Valley Synod Karat með aðsetur í Konsó og nær yfir nærliggjandi svæði og lengra suður eftir. Kirkjan og kristniþóðið hefur haft afgerandi áhrif á svæðinu á liðnum sjö áratugum. Kalli flutti kveðjur frá Kristniþóðssambandinu, fór í viðtöl á fjölmíðlum og tók við þakklæti fyrir hönd kristniþóðsvina. Með í för voru hjónin Kamilla Gísladóttir, systir Kalla og Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur í Lindakirkju. Þótti þeim þetta ógleymanlegur atburður en Kamilla, sem fæddist í Eþíópíu, hafði ekki komið þangað síðan fjölskyldan fluttist heim fyrir hálfri öld síðan.



Aðalfundur að baki – óbreytt aðalstjórn

Laugardaginn 6. maí var aðalfundur SÍK haldinn í Kristniþóðssalnum. Um 30 manns mættu en vera má að tímasetningin, þ.e. um helgi hafi haft áhrif og eins að kvöldið áður voru rúmlega 40 manns mættir á umræðufund.

Framkvæmdastjóri flutti skýrslu starfsins, gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi liðins árs og kynnti fjárhagsáætlun. Fulltrúar aðildarfélaga SÍK fluttu skýrslur og síðan voru almennar umræður, stjórnarkjör, val á skoðunarmönnum og ákvörðun félagsgjalds.

Engin breyting varð á stjórn þar sem þau sem gengu úr stjórn gáfu kost á sér og voru endurkosin. Ingveldur Ragnarsdóttir hætti sem annar varamaður og var Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur kosinn í hennar stað.

Á fundinum kynnti Guðlaugur Gunnarsson, gjaldkeri stjórnar, ársreikning 2022. Heildartekjur voru 122.389.415 kr. Heildar-

útgjöld voru 106.047.869 kr. Niðurstaða ársins var því tekjuafgangur upp á 17.903.559 kr. sem er viðsnúningur frá í fyrra en þá var tap upp á tæpar 5 milljónir. Bestu munarumarfuppá 22 milljónir króna sem Halldór Thorsteinson ánafnaði SÍK eftir sinn dag. Efnahagsreikningur hefur breyst í samræmi við það. Gjaldkeri kynnti einnig fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Almenn er hún varfærin og er áætlað að afkoma ársins 2023 verði kr. 1.898.442 kr. sem gefur rými til að bregðast við óvæntum útgjöldum. Eins liggja fyrir umsóknir vegna þróunarsamvinnuverkefna hjá utanríkisráðuneytinu og verði þær samþykktar þarf SÍK að greiða sinn hluta af kostnaðinum og fara þá þessir fjármunir í það.

Aðalfundur samþykkir nýtt starf

Meðal þess sem rætt var á aðalfundi SÍK var stuðningur við starf hjónanna Janet og Mehran meðal farsímælandi fólks

í London, Bretlandi og víðar. Einnig við verkefni sem Janet vinnur á vegum Lausanne hreyfingarinnar í Evrópu. Stjórnin ákvað í haust að auka stuðning til þeirra og var það nú stutt með samþykkt aðalfundar um að halda því áfram allavega næstu þrjú árin. Til stendur að skrifa undir samning við þau á næstu vikum.

Með þessari ákvörðun er brugðist við nýjum veruleika með fjölda nýbúa sem kemur frá fjarlægum löndum, sumum lokuðum fyrir kristniþóðum, til Evrópu í leit að frelsi og betri afkomu en býðst heima fyrir. Kristniþóðsvinir eru hvattir til að biðja fyrir Janet og Mehran. Janet ólst upp hér á Íslandi en Mehran kemur frá Íran og komst til trúar eftir að hafa kynnst kristinni trú á Grikklandi.

Bænarefni:

- Biðjum fyrir stjórn SÍK og starfsfólki.
- Biðjum fyrir störfum Janet og Mehran.
- Biðjum að Guð kalli fólk til starfa í Eþíópíu.

Vel sóttur umræðufundur

Stjórn SÍK boðaði til umræðufundar um starf, stefnu og framtíð Kristniþóðsambandsins föstudaginn 5. maí síðastliðinn. Rúmlega 40 manns mættu og var fjallað um starfið innanlands og nýjar áherslur og leiðir í því efni og eins alþjóðastarfið og nýjar áherslur og leiðir á þeim vettvangi sömuleiðis. Loks var fjallað um nýtt starf í Evrópu þar sem rætt var um starf sem Janet Sewell og Mehran Muhammedrezai vinna á meðal farsimælandi fólks á Bretlandi. Þátttakendum var skipt í fjóra hópa þar sem fram fóru líflegar umræður. Hver hópur setti síðan fram þrjú forgangsatríði og voru þátttakendur beðnir um að velja þrjú áhersluatriði og gefa þeim einkunn.

Flest atkvæði hlutu eftirtalin áhersluatriði:

1. Áframhaldandi stuðningur við ungu kirkjurnar í Eþíópíu og Keníu og ekki síst Ómó Rate.
2. Boðunarstarf fyrir unga sem aldna, m.a. með notkun myndbanda.
3. Opið hús fyrir ungt fólk, íslenskukennsla, jafningjafræðsla, hist og spjallað.
4. Young Life, samkirkjulegt starf að erlendra fyrirmynd, n.k. félagsmiðstöð.
5. Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Önnur efni snertu samfélagmiðla, stuðning við starf Sveins Einars Zimsen í Vestur-Afríku, Basarinn, útvarps- og sjónvarpskristniþóð, fjölskyldustarf, stuðning við kristið fólk sem býr við ofsóknir, starfið í Japan og starf á Grænlandi.

Fundarmenn voru virkir og þótti fundurinn takast vel. Hugsunin er að vinna áfram með ákveðna þætti á komandi misserum bæði af stjórn, starfsmönnum og félögum í SÍK.

† Minningarorð

Margrét Hróbjartsdóttir (1934-2023) - kristniþóði

Margrét Hróbjartsdóttir kristniþóði og hjúkrunarfræðingur lést 3. apríl sl. á níttugasta aldursári. Margrét hélt til starfa sem kristniþóði í Konsó í Eþíópíu árið 1957 ásamt eiginmanni sínum, Benedikt Jasonarsyni sem lést fyrir rúmum átta árum. Þar störfuðu þau samfleytt til ársins 1962. Vegna aðstæðna var ekki tími til að læra tungumálið strax í byrjun eins og venjan er. Samgöngur voru erfiðar og aðstæður allar fábarnar og erfiðar. Leiðin lá aftur til Eþíópíu árið 1968 og störfuðu þau þrjú ár í Gídóle og aftur í Konsó á árunum 1994-1997. Þess á milli störfuðu þau þrjú ár í Senegal á vegum norskra kristniþóðssamtaka.

Margrét og Benedikt voru meðal frumkvöðla starfsins í Konsó og lögðu traustan grunn að framtíð kirkjunnar en starfið hefur borið ríkulegan ávöxt. Um 70 þúsund fullorðnir teljast til kirkjunnar og því um 200 þúsund manns með börnum. Óteljandi fjöldi fólks naut aðhlyningar á sjúkraskýli kristniþóðsins og margir hlutu menntun í skólanum.

Margrét giftist eftirlifandi eiginmanni sínum Gunnari Kjærland fyrir sex árum og bjuggu þau um tíma í Noregi á heimaslóðum hans, en Gunnar var um árabíl kristniþóði í Eþíópíu.

Kraftar Margrétar nýttust vel á sjúkraskýlinu í Konsó, á spítalanum í Gídóle og víðar. Þekking hennar, umhyggja og þjónslund urðu mörgum til blessunar og hjálpar. Stjórn Kristniþóðssambandsins þakkar störf hennar í þágu SÍK og þess

fjölda fólks sem naut krafta hennar í Eþíópíu, í Noregi, Senegal og hér á landi þar sem ýmis samtök og kirkjur nutu krafta hennar. Drottinn blessi minningu Margrétar Hróbjartsdóttur.



Kristniþóðarnir ungu, Margrét og eiginmaður hennar, Benedikt Jasonarson, með börnin Paulos og Lydíu sem þau tóku að sér meðan þau störfuðu í Eþíópíu. Seinna fluttu börnin, þá fullorðin, hingað til lands

Gleði og þakklæti mætti manni alls staðar

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍK, hélt í mánaðarferð til Keníu í byrjun febrúar ásamt eigin konu sinni Sigríði Hrönn Sigurðardóttur sem fór á eigin vegum.

Daginn sem við höldum af stað voru nákvæmlega 40 ár liðin frá því við höldum fyrst til Keníu til starfa sem ungir og óreyndir kristniðóðar. Jafnframt voru 11 ár frá því Hrönn var síðast í Keníu og 4 ár frá síðustu heimsókn minni. Var það lengri tími en ætlunin hafði verið en þar kom til covid-19 og fleira.

Markmið ferðarinnar var að hitta forsvarsfólk biskupsdæmisins í norðvesturhluta Keníu, fá fréttir af útbreiðsluverkefninu sem SÍK styður, vera tiltæk fyrir fyrirbæn og ráðgjöf og að skoða menntaverkefni sem utanríkisráðuneytið hefur styrkt á liðnum árum.

Fjórir dagar fóru í fundarhöld með William Lopeta, biskupi, Nicholas Loyara verkefnisstjóra útbreiðsluverkefnis kirkjunnar og Paul Loyomo framkvæmdastjóra biskupsdæmisins. Auk þess var fundað með Benjamin Pulongor sem tók við sem skólastjóri Kapenguria Bible Center í fyrra. Rætt var um áskoranir í starfinu og rekstri skólans, þörf fyrir kennara og ráðgjöf og fleira. Mikið þakklæti var í huga þeirra fyrir samstarfið við SÍK.

Útbreiðsluverkefni

Útbreiðsluverkefni kirkjunnar er unnið af prédikurum og prestum sem heimsækja ný svæði og dvelja þar sem mest þar til unnt er að sofna söfnuð eða kirkju á staðnum. Síðan fer fram fræðsla og skírn og smám saman er starfið skilið eftir í höndum heimamanna og haldið áfram á nýjar slóðir. Þannig hefur starfssvæðið stækkað svo að segja í allar áttir frá Pókot til nærliggjandi sýslna og eins inn fyrir landamæri Úganda þar sem góður hópur Pókotmanna býr.

Skólar heimsóttir

Til stóð að fara til Baringó og gista þar einhverjar nætur, en vegna aðgerða yfirvalda til að koma í veg fyrir kúabjórnað og uppsteit vegna deilna um landnotkun var



Með Benjamin Pulongor, skólastjóra í Kapenguria.



Hrönn Sigurðardóttir með gömlum vinum og starfsmönnum biskupsdæmisins. William Lopeta biskupi, Loyara verkefnastjóra útbreiðsluverkefnisins og Loyomo framkvæmdastjóra.

sett á tímabundið útgöngubann eftir kl. 18 á kvöldin og varð því að fella þau áform niður.

Hins vegar heimsótti ég nokkra framhaldsskóla þar sem byggt var og húsa-kostur bættur á liðnum árum. Flestir skólanna ganga mjög vel, í raun svo vel að allt er yfirfullt. Tveir skólanna hafa lítið breyst hvað nemendafjöldi snertir og tveir hafa átt í vandræðum vegna fjarveru skólustjóra og óreglu í hópi kennara. Þar sem yfirvöld útvega kennarana þarf samvinnu við skrifstofu skólamála í Pókot til að geta skipt þeim út. Mikið kapp var lagt á að bæta úr því sem fyrst og tryggja öryggi nemenda sem búa á heimavistum skólanna.

Ánægjulegt að hitta leiðtoga og safnaðarfólk

Á ferð um héraðið hitti ég presta og prédikara og fólk úr söfnuðum kirkjunnar. Alls staðar var okkur mjög vel tekið, gleði var yfir endurfundum og þakklæti fyrir alla aðstoð bæði sem snýr að kirkjustarfinu og skólustarfi og námsstyrkjum sem ýmsir njóta. „Það er gott að finna að við skiptum ykkur máli“ mátti víða heyra. Sumir rifjuðu upp þegar þeir voru skírðir af mér ákveðinn dag og ár á hinum og þessum stöðum. Atburður sem skiptir máli þar sem skrefið var stigið opinberlega frá myrkri yfir til ljóss.

Þakklætinu er komið til skila til þeirra sem báðu fyrir starfinu og studdu það með fjárframlögum. Ávöxturinn er verk Guðs en hann þurfti fólk sem var tilbúið að standa að baki okkur sem vorum send. Kærleikur og köllun grasrótarinnar þar og þer starfið uppi enn í dag og Guð heldur áfram að gera mikla hluti.

Ragnar Gunnarsson

Bænaefni úr frásögn:

- William Lopeta og aðrir í yfirstjórn biskupsdæmisins.
- Prestum og prédikurum sem sinna útbreiðsluverkefnum í Pókot.
- Skólustarfi í grunn- og framhaldsskólunum og nemendum á heimavistum.
- Þökkum ávexti starfsins í Pókot.



Skólustjóri og hluti nemenda við Korkou Girls Secondary School, lengst inni í og uppi á fjalli í Pókothéraði.



Móttökuathöfn í Kamununo Girls Secondary School

Af kristniboði í Japan

– Leifur Sigurðsson segir frá

Við höldum okkar árlegu kristniboðsráðstefnu í Hiruzen í lok mars. Og að þessu sinni vorum við 17 fullorðnir kristniboðar, átta fjölskyldur og 17 börn. Það hefur því átt sér stað algjör endurnýjun á meðal kristniboða á vegum Norska Lútherska kristniboðsins (NLM) og Finnna Lútherska kristniboðsins (FLOM). Þetta hefur leitt til ákalls eftir breyttum áherslum í samstarfi kristniboðsins við WJELC, Lúthersku kirkjudeildina sem við erum í samstarfi við hér í Japan. Yngri kristniboðarnir eru óhræddir að kasta fram nýjum hugmyndum og hafa vilja og kjark til að fara ótroðnar slóðir við að boða fagnaðarerindið. Eins og segir í Orðskviðunum 29:18 : „Þar sem engar vitranir eru týnir fólk áttum“. Þessi nýja hugsýn á hvernig við getum starfað og þjónað, sérstaklega á meðal ungs fólks, er jákvæð breyting sem hefur knúið kirkjuna til að íhuga nýjar leiðir til að boða fagnaðarerindið. Á ráðstefnunni fengum við tækifæri til að eyða heilum degi með nýjum forseta WJELC, séra Kawa, og séra Matsumura yngri, ungum prest í Kobe. Við áttum góð hugmyndaskipti um framtíð samstarfs og við erum spennt að sjá hvernig Guð mun nota þessa ungu presta til að efla ríki sitt í Japan.

Samfélagslegar breytingar

Japanskt þjóðfélag stefnur frammi fyrir öldrun íbúa og lækkandi fæðingartíðni sem er veruleg áskorun fyrir samfélagið og kirkjuna. Fumio Kishida forsætisráðherra undirstrikaði þetta í viðtali við „The Japan Times“ fyrr á þessu ári (21. apríl 2023) þar sem hann lýsti áhyggjum sínum af öldrunarsamfélagi Japans og minnkandi fæðingartíðni. Hann sagði að ríkisstjórnin muni hrinda í framkvæmd stefnu um að hækka frjósemishlutfallið í 1,8 fyrir árið 2030 með ýmsum aðgerðum svo sem að auka barnagæsluþjónustu og öðrum aðgerðum til að styðja við barnafjölskyldur. Og nýleg heimildarmynd eftir Stephen Shaw kannar orsakir og afleiðingar lækkandi fæðingartíðni á heimsvísu. Myndin ber nafnið „Birthgap“ (<https://birthgap.org/>) undirstrikar þessa þróun. Japan er eitt af þeim löndum sem hefur hvað lægsta fæðingartíðni og elstu íbúa í heimi. Þetta mun á næstu árum verða mikil áskorun fyrir efnahag og menningu



Fjölskyldan saman.

Japans. En ungt fólk í Japan hefur átt í miklum erfiðleikum með að öðlast fjárhagslegt sjálfstæði vegna langvarandi efnahagslegrar stöðunar, íhaldssams menntakerfis, ótryggs vinnumarkaðar og háa framfærslukostnaðar. Mörg ungmenni fresta því að ganga í hjónaband.

Unga fólk og framtíðin

Þrátt fyrir að kristni sé í miklum minnihluta í Japan (innan við 1,5% íbúanna) hefur kirkjan í Japan mikilvægu hlutverki að gegna. Trúin á Jesú gefur von og leiðsögn til ungs fólks sem glímur við sjálfsmýnd sína og tilgang í lífinu. Kristin menning hefur almennt jákvæða ímynd í Japan, sem sést af vinsældum kristinna brúðkaupa meðal almennings í Japan. Eins og Biblían kennir okkur í Jeremía 29:11 þá hefur Guð fyrirætlanir fyrir hvert og eitt okkar og kirkjan getur veitt stuðning og lifandi samfélag. Þetta er því bæði áskorun og tækifæri fyrir kirkjuna.

Á ráðstefnunni áttum við frjóar umræður um hvernig við getum stutt kirkjuna í þessu verkefni að skapa samfélag þar sem ungt fólk getur fundið von og maka til að stofna

fjölskyldu með. Það eru ýmsir möguleikar sem kirkjan hefur til að skapa umhverfi þar sem ungt fólk getur uppgötvað sameiginleg gildi sín og áhugamál, komist til trúar á Jesú og vaxið í trú sinni og kærleika. Kirkjan hefur mikilvægu hlutverki að gegna í að hlúa að yngri kynslóðinni og byggja upp tengslanet á meðal hinna kristnu þannig að trúaðir einstaklingar geti stofnað fjölskyldur – sem er nauðsynlegt til að byggja upp heilbrigð samfélag.

Fyrir heimsfaraldurinn fór kirkja af stað með kristlegt unglingsstarf sem kallast áttaviti eða „Compass“ (<https://compass-youth.com/>). Þetta er svipað starfi KSS og skólaprests heima á Íslandi og miðar að því að veita ungu fólk tækifæri til að læra um kristna trú og byggja upp tengsl við jafnaldra í gegnum samkomur, fermingarbúðir og aðra viðburði. Þrátt fyrir covid-19 heimsfaraldurinn og allar þær hamlarnir sem hann hafði í för með sér höfum við getað sent nokkur af unglingsum okkar hér á Rokko eyju til að taka þátt í viðburðum á vegum „Compass“. Við biðjum ykkur um að biðja fyrir séra Takahira, sem er skólaprestur, þessu nýja unglingsstarfi



Fyrirverandi kristniboði í heimsókn á í kirkjunni á Rokkó eyju.

og að kirkjan geti öðlast visku til að boða fagnaðarerindið yngri kynslóðinni.

Enskukennsla og annað skólastarf

Í apríl byrjuðum við með enskukennslu fyrir börn á grunnskólaaldri eftir langt hlé. Mörgum þessarra barna höfðum við kynnst í gegnum Elínu dóttur okkar, sem gekk í grunnskólann hér á Rokko eyju, áður en hún byrjaði í Marist skólanum. En þetta er enn eitt merki um að japanskt samfélag sé loksins að losa um takmarkanir sem settar voru á meðan heimsfaraldurinn gekk yfir. Eftir hverja kennslustund höfum við um 15 mínútna langan Biblútíma. Þetta er dýrmætt tækifæri til að deila orði Guðs með börnum sem hefðu annars ekki fengið tækifæri til að heyra það. Orðskviðirnir 22:6 segir: „Fræð hinn unga um veginn sem

hann á að halda og á gamals aldri mun hann ekki af honum víkja“. Við erum þakklát fyrir tækifærið til að kenna börnunum um Guð og hjálpa þeim að vaxa í trú sinni.

Japanska menntakerfið er á margan hátt frábrugðið því sem við eigum að venjast á Íslandi. Kennarar leggja áherslu á mikilvægi þess að innræta nemendum sínum gildi eins og virðingu og ábyrgð. Sem dæmi þá bera nemendur ábyrgð á að þrifa skólastofur sínar sem hluta af daglegu námi. Þetta kennir þeim mikilvægi samvinnu, ábyrgðar og virðingar fyrir skólanum og samnemendum sínum. Í framhaldsskóla taka nemendur einnig mjög virkan þátt í allskonar klúbbum sem passa við áhugamál og getu. Kvöldskólar eru einnig mjög vinsælir í Japan. Þar stunda yfir 15% grunnskólabarna nám á kvöldin eftir að venjulegu námi líkur. Þessir skólar bjóða upp á viðbótartíma fyrir nemendur sem leitast við að bæta námsframmistöðu sína eða búa sig undir inntökupróf til að geta komist í góða framhaldsskóla og háskóla. Samkeppnin er ótrúlega hörð á milli nemenda. Þetta er einnig áskorun fyrir kirkjur vegna þess að þegar unglingar þurfa að velja á milli þess að fara í kirkju á sunnudögum eða eyða tíma með vinum í skólaklúbbum um helgar þá verður kirkjustarfið oftast að láta í minni pokann. Biðjið fyrir enskukennslunni í

kirkjunni og að krakkarnir sem við höfum komist í sambandi við fái áhuga á að koma í sunnudagaskólann.

Annars er allt gott af okkur að fréttu. Börnin okkar vaxa úr grasi og Hannes útskrifast nú í vor úr menntaskóla og ætla að fara á Biblíuskóla næsta vetur. Lilja klárar 7. bekk og Elín 2. bekk. Við þökkum fyrir fyrirbæni kristniboðsvina heima á Íslandi.

*Kær kveðja, Leifur og fjölskylda
Myndasmiðir eru Marius Bergersen (NLM)
og David Theodor Thorsen (NLM).*

Bænarefni úr grein:

- Biðjum fyrir séra Takahira, sem er skólaprestur, þessu nýja unglingastarfi og að kirkjan geti öðlast visku til að boða fagnaðarerindið yngri kynslóðinni.
- Biðjum fyrir enskukennslunni í kirkjunni og að krakkarnir sem við höfum komist í sambandi við fái áhuga á að koma í sunnudagaskólann.
- Munum einnig eftir fjölskyldunni okkar í Japan! Katsuko, Leifi og börnunum Hannesi, Lilju og Elínu.



Sunnudagsskólinn á Rokkó eyju.

Orðið ber margfaldan ávöxt



Kamí og barnfóstran Kole.

Eins og fram kemur annars staðar í Kristniþóðsfréttum var stofnuð sérstök starfseining (sýnóða) eþiþpsku Mekane Yesu kirkjunnar í Konsó í febrúar síðastliðnum. Kunnara er, en frá þurfi að segja, að í Konsó áttu Íslendingar kristniþóða í marga áratugi. Þar hefur kirkjunni vaxið fiskur um hrygg og telur nú um 210.000 manns í Konsó héraði.

Þrír Íslendingar fóru til að vera viðstaddir stofnunina, Karl Jónas og Kamilla Hildur Gíslabörn og undirritaður, eiginmaður Kamillu, Guðmundur Karl Brynjarsson. Þau Karl og Kamilla eru börn Katrínar Guðlaugsdóttur og Gísla Arnkelssonar, sem störfuðu sem kristniþóðar í Konsó í samtals tíu ár frá 1961 til 1972. Þau eiga sex börn og hafa fimm þeirra starfað sem kristniþóðar í Eþiþpu um lengri eða skemmri tíma.

Kristniþóðsvinir þekkja til starfa Karls, eða Kalla eins og hann er kallaður, bæði ytra og hér heima, einkum á Basarnum, nytjamaþaði kristniþóðsins. Kamilla var á þriðja ári þegar fjölskyldan flutti heim árið 1972 og hafði hún ekki komið til Eþiþpiu síðan þar til nú í febrúar og sjálfur hafði ég aldrei komið þangað.

Kamilla segir svo frá: „Kalli bróðir hringdi í mig skömmu fyrir síðustu jóla og sagði



Karl Jónas, Kusse Kushusho og Kamilla Hildur.

mér að hann færi á vegum SÍK til að vera viðstaddur stofnun Sýnóðunnar. Það væri nú eða aldrei fyrir okkur Gumma að drífa okkur með - og við slógum til.“

Ferðin tók tvær og hálfu viku. Lent var í Addis Ababa en þaðan var svo ekið til Konsó. Á leiðinni þangað gistum við eina nótt í Arba Minch og komum við í Gidole, þar sem Kamilla fæddist. Eins og gefur að skilja þar margt nýtt og framandi fyrir augu okkar

á leiðinni. Má þar til dæmis nefna, fyrir þau sem ekki þekkja til í Afríku, að allsstaðar var fólk á gangi meðfram vegunum - jafnvel lengst úti í óbyggðum. Merkilegt var að sjá að alla þessa löngu leið, sem ekin var, voru ekki margir spottar þar sem ekki mátti sjá fólk. Andstæður mikils ríkidæmis og sárrar fátæktar gátu einnig verið sláandi, sérstaklega þó í höfuðborginni.

Kamilla á engar beinar minningar frá



Litir og andans gleði.

sínum fyrstu árum þar syðra en starf kristniboðsins, sögur og fréttir frá Konsó hafa verið samofnar lífi hennar frá því hún man eftir sér. Það var henni því sérstaklega dýrmætt að koma aftur heim á æskuslóðirnar. Kusse Kushusho er kristniboðum og mörgum kristniboðsvinum af góðu kunnur og var hann okkur innan handar meðan við dvöldum í Konsó.

Þau, sem tilheyra kirkjunni í Konsó, eru sér mjög meðvituð um sögu kristinnar þar og starf íslensku kristniboðanna. Þar hittum við meðal annars Berisha Hunde, sem þjónaði sem prestur í Konsó um árabíl og var fyrsti forseti Suð-Vestur Sýnóðunnar og ómetanlegur samstarfsmaður kristniboðanna. Hann skírði Kamillu Hildi á sínum tíma. Sömuleiðis hitti Kamilla aftur barnfóstru sína, hana Kale og urðu það miklir fagnaðarfundir.

Konsó sýnóðan (Central Rift Valley Synod Karat) var formlega stofnuð laugardaginn 18. febrúar en daginn eftir var því fagnað og var mikið um dyrðir.

Að morgni sunnudagsins var mikil skrudganga gerð frá kristniboðsloðinni niður í miðbæ Konsó. Þúsundir manna tóku þátt í skrudgöngunni en fremstir þar í flokki fóru prestar héraðsins ásamt forseta Mekane Yesu kirkjunnar, Yonas Yigezu og fleiri framámönnum kirkjunnar. Í miðbænum var haldin bænastund og blessunarathöfn, en yfirvöld í Konsó tóku virkan þátt. Meðal annars með miklum fréttaflutningi í sjónvarpi á þeirra vegum og var þar meðal annars tekið viðtal við Karl Jónas.

Þegar hópurinn kom aftur heim á lóð kristniboðsins tók við stórkostleg og gleðri guðsþjónusta. Svo margt var um manninn að sum þeirra sem ekki voru há í loftinu brugðu á sama ráð og Sakkeus forðum og klifruðu upp í tré til að geta fylgst með. Kórinn, sem söng, taldi þúsundir en hann

var skipaður ungu fólki hvaðanæva úr héraðinu. Hver og einn hópur var klæddur mismunandi litum kyrtlum og var litadýrðin því í fullu samræmi við gleðilegt tilefnið. Á þessari stundu var gleði og kraftur heilags anda allsráðandi. Þessi stund snerti okkur djúpt og skipti engu þó við skildum ekki orð af því sem sagt var eða sungið.

Á leiðinni aftur til Addis Ababa gistum við tvær nætur í Awasa og hittum þar „tvíburana hans Kalla“, Ísak og Samúel, en þeir búa í SOS barnþorpinu þar í borginni. Þeir Kalli höfðu ekki sést í nokkur ár. Tvíburarnir voru því þínu feimnir við Kalla fyrst í stað en þegar ísinn var brotinn vék brosið vart af andlitum þeirra.

Við hjónin erum sammála um að ferðin hafi verið sannkallað ævintýri frá upphafi til enda og þykir líklegt að þetta verði ekki síðasta ferð okkar til Eþíópíu. Það var stórkostlegt að sjá hvernig kirkjan í Konsó, þar sem íslenskir kristniboðar sáðu fræjum orðsins og hlúðu að hefur vaxið stöðugt. Það minnir á orð Jesaja spámanns:

„Eins og regn og snjór fellur af himni og hverfur ekki þangað aftur fyrir en það hefur vökvað jörðina, gert hana frjósama og gróandi, gefið sáðkorn þeim sem sáir og brauð þeim er eta, eins er því farið með orð mitt sem kemur af munni mínum, það hverfur ekki aftur til mín við svo búið heldur kemur því til leiðar sem mér þóknast og framkvæmir það sem ég fel því.“

Jes. 55.10-11.

Guðmundur Karl Brynjarsson

Enn vantar kristni- boða í Suður-Eþíópíu

Ekki hafa verið kristniboðar með fasta búsetu í Ómó Rate í Eþíópíu um nokkurt skeið. Stjórn SÍK hefur þó ekki gefist upp á að hafa einhvern á staðnum og biður fólk sem hefur áhuga eða köllun til að fara til starfa að hafa samband við framkvæmdastjóra SÍK, Ragnar Gunnarsson. Æskilegast er ef fólk er tilbúið að fara til nokkurra ára en styttri tími, t.d. tvö ár, kemur einnig til greina. Viðkomandi þurfa þá að notast við ensku í stað amharísku.

Mere Christianity á íslensku

Í undirbúningi íslensk þýðing á bókinni Mere Christianity eftir C. S. Lewis, bókmenntafræðing og höfund Narníu-bókanna. Þetta er ein þekktasta bók hans og byggir á erindum í breska útvarpinu á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Bókin hefur verið margútgefin og þýdd á fjölda tungumála. Íslenska útgáfan kemur nú í samstarfi við Angelu og James Jorensen frá Bandaríkjunum sem búsett eru hér á landi. Þau stóðu fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um C. S. Lewis hér á Íslandi fyrir fáeinum árum.

Um helmingur bókarinnar var gefinn út á íslensku stuttu eftir síðari heimsstyrjöldina undir nöfnunum Guð og menn og Rétt og rangt. Bókagerðin Lilja sá um þá útgáfu. Bókin er nú í forsölu á vef útgáfunnar saltforlag.is og á skrifstofu SÍK, þar sem eintakið býðst á 4.000 krónur, tvö eintök á 7.000 og þrjú á 10.000 krónur. Áætlaður útgáfutími er um mánaðamótin ágúst/ september.



C. S. Lewis.

Vitni – Kristniboðsvika 2023

Árleg kristniboðsvika SÍK var haldin dagana 26. febrúar - 5. mars. Yfirskrift vikunnar var „Vitni“ með vísun í Postulasöguna 1. kafla 8. vers: „En þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir í Jerúsalem og allri Júdeu, í Samaríu og allt til endimarka jarðarinnar.“

Andrew Hart, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Pak7 fjölmiðlakristniboðsstarfsins, var gestur og aðalræðumaður vikunnar og sagði hann frá starfi sínu og prédikaði á hinum ýmsu viðburðum vikunnar. Undanfarin ár hefur verið reynt að hafa sem flesta viðburði vikunnar í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut en í ár vorum við meira á faraldsfæti. Samverur fóru fram í Kristniboðssalnum, Íslensku Kristskirkjunni, húsi KFUM og KFUK við Holtaveg og á útvarpsstöðinni Lindinni. Fjölmarginir lögðu sitt af mörkum í vikunni. Kristniboðsfélögin sáu um kaffi og samskot, tónlistarfólk úr Kristniboðssamband-inu, Íslensku Kristskirkjunni, Filadelfíu ofl. samfélögum sáu um að leiða lofgjörð og karla og kvennakórar KFUM og K fluttu tónlist auk sönghóps frá pólsku kirkjunni. Alla vikuna var boðið upp á viðburði nema á mánudeginum en þá var Andrew í viðtali í Kristniboðspættinum „Köllun og kraftaverk“. Fyrir áhugasama er hægt að fara inn á linden.is og hlusta á þáttinn.

Áður en kristniboðsvikan hófst skrap Andrew norður á Akureyri þar sem hann hitti kristniboðshópinn á staðnum og fékk auk þess að upplifa norðlenska náttúrufegurð.

Eitt að markmiðum vikunnar er að safna fé til starfsins og kom inn tæplega milljón króna í tengslum við hana. Við þökkum fyrir gjafirnar og biðjum Guð að blessa hverja krónu sem fer auðvitað beint í starfið okkar. Við erum þakklát fyrir vel heppnaða kristniboðsviku og biðjum þess og að hún hafi verið þátttakendum til blessunar og megi hafa áhrif inn í starfið okkar áframhaldandi.



Sunnudagur: Fyrsta samkoman fór fram í Íslensku Kristskirkjunni. Þar talaði Andrew Hart og sagði frá hvernig samskiptin við SÍK komu til. Ljósbot Kvennakór KFUK söng undir stjórn Keith Reed. Að kvöldi var samvera fyrir ungt fólk haldin a skrifstofu SÍK. Það var gaman að upplifa áhuga unga fólksins á starfi Pak7. Það vakti athygli þeirra þegar Andrew sagði frá því að starfið þeirra er borið uppi af fólki á aldrinum 18-30 ára. Eftir samveruna gafst svo tími til að spjalla og eiga samfélag.

Þriðjudagur: Samvera a Lindinni þar sem Andrew Hart fjallaði um hvernig nýta má samfélagsmiðla til að ná til fólks sem ekki er kristið. Hann deildi einnig reynslu sinni frá bæði Pak7 og Sat7 hvernig samfélagsmiðlar hafa nýst til að vera í samskiptum við áhorfendur.





Miðvikudagur: Um kvöldið var samkoma í Kristniboðsalnum. Þar var Andrew ræðumaður og deildi vitnisburðum úr starfi Pak7. Sr. Elínborg Gísladóttir sagði frá ferð sinni til Keníu í byrjun árs sem hún fór ásamt fleirum undir fararstjórn Kjartans Jónssonar.



Fimmtudagur: Um kvöldið var boðið upp á fræðslukvöld og að ósk AD nefndar KFUM og K fór hún fram í húsi félagsanna við Holtaveg. Þar sagði Andrew frá Pakistan og stöðunni þar.

Föstudagur: Um kvöldið var efnt til þverkirkjulegrar samkomu fyrir unglinga frá 13 ára aldri. Friðrik Páll Ragnarsson Schram unglingaleiðtogi Íslensku Kristskirkjunnar leiddi samveruna og hópur ungmenna frá SÍK, ÍKK, Fíladelfíu og Hvítasunnukirkjunni á Selfossi leiddi lofgjörð undir stjórn Lýdú Lífars Arons-dóttur. Einnig kom hópur frá Loftstofunni og fleiri samfélögum og tóku þátt í samkomunni. Andrew sagði frá starfi sínu og hlustaði unga fólkið af athygli. Einnig var farið í leiki og Þór Bínó bauð upp á afslátt í ísbúðinni eftir samkomuna.



Laugardagur: Undanfarin ár hefur skapast sú hefð að bjóða upp á bænagöngu á laugardagsmorgni í kristniboðsvíku þar sem beðið er fyrir málefnum kristniboðsins. Hjónin Anna Magnúsdóttir og Guðmundur Jóhannsson sáu um að leiða gönguna í ár eins og þau hafa gert undanfarin a.m.k. tvö ár. Að þessu sinni var gengið um Elliðaárdalinn í blíðskaparveðri.



Sunnudagur: Síðasta samvera vikunnar var haldin í Kristniboðsalnum í samvinnu við Salt kristið samfélag, Íslensku Kristskirkjuna og Pólsku kirkjuna sem venjulega hefur samverur sínar í salnum okkar á sunnudögum. Andrew Hart predikaði og hópur tónlistarfólks úr SÍK, ÍKK og Salti ks sá um að leiða lofgjörð. Jarek Dudziak forstöðumaður pólsku kirkjunnar sagði frá starfi kirkjunnar og hópur frá þeim flutti söng. Einnig söng Karlakór KFUM undir stjórn Ástu Haraldsdóttur við meðleik Keith Reed.



Sumarmót Kristniboðs- sambandsins á Löngumýri

Árlegt sumarmót Kristniboðssambandsins verður að þessu sinni helgina 14.-16. júlí að Löngumýri í Skagafirði. Mótið er öllum opið og yfirleitt myndast einlægt og gott samfélag á staðnum þó svo fólk komi úr ólíkum áttum. Þátttakendur geta dvalið innanhúss eða í tjöldum, keypt fullt fæði, tekið með sér nesti og eigin mat eða keypt mat að hluta. Skráning á mótið fer fram á Löngumýrarskóla í síma 453 8116 og þar eru nánari upplýsingar um verð og aðstöðu en einnig má skoða frétt á vefsíðunni sik.is. Dagskrá mótsins verður sem hér segir:

Föstudagur 14. júlí

21:00 Upphafssamkoma. Katrín Ásgrímsdóttir hefur hugleiðingu.

Laugardagur 15. júlí

08:00 Sambænastund
10:00 Biblíulestur í umsjá séra Guðmundar Guðmundssonar héraðsprests. Umræður og samfélag í hópum í framhaldi hans.

17:00 Kristniboðssamkoma. Ógleymanleg ferð til Eþíópíu. Séra Guðmundur Karl Brynjarsson segir frá heimsókn til Eþíópíu í febrúar sem leið.



21:00 Vitnisburðarstund í umsjá Kristniboðsfélags karla.

Sunnudagur 16. júlí

08:00 Sambænastund

11:00 Guðspjónusta í Miklabæjarkirkju. Séra Dalla Þórðardóttir þjónar fyrir altari og séra Ólafur Jóhannsson prédikar.

14:00 Lokastund. Séra Ólafur Jóhannsson hefur hugleiðingu.

Haustmarkaður SÍK 16. september 2023

Stefnt er að því að halda haustmarkað SÍK þriðja laugardag í september. Kristniboðsvinir eru beðnir um að fylgjast með er nær dregur. Á haustmarkaðinum hefur ýmislegt verið til sölu svo sem grænmeti, sultur, kökur og margvíslegur varningur til heimilishalds sem gefið hefur verið af velviljuðum fyrirtækjum og einstaklingum.

Kristniboðsdagurinn 2023

Kristniboðsdagurinn er haldinn annan sunnudag í nóvember ár hvert og lendir því á 12. þess mánaðar. Venjan er að fulltrúi SÍK prédiki í útvarpsguðspjónustu dagsins og að kristniboðsins sé minnst í guðspjónustum landsins. Kristniboðsfélag karla hefur að venju kaffisölu einnig á þessum degi og stefnt er að samkomu að henni lokinni í Kristniboðssalnum.

Góð mæting á kaffisölu kristniboðsfélags kvenna

Kristniboðsfélag kvenna hélt að venju kaffisölu í Kristniboðssalnum á frídegi verkamanna 1. maí síðastliðinn. Kaffisalan var mjög vel sótt og inn kom tæp milljón króna til kristniboðsins. Voru konurnar ánægðar og þakklátar öllum sem bökudu og aðstoðuðu á annan hátt og ekki síður öllum þeim sem komu á kaffisöluna.

Hvers vegna Jesús?

Lítill bæklingur með heitið „Hvers vegna Jesús?“ eftir frumkvöðul Alfa-námskeiðsins, Nicky Gumbel, kom fyrst út á íslensku fyrir 22 árum og hefur verið uppseldur um tíma. Nú er hann kominn út í endurútgáfu og með nýrri kápu. Útgefandi er Salt ehf, útgáfufélag í eigu SÍK.

Bæklingurinn er 24 blaðsíður, skreyttur teikningum eftir Charlie Mackesy og hefur að geyma einfalda, auðskilda útskýringu á því hvers vegna Jesús er svona mikilvægur. Gott er að eiga nokkur eintök og gefa ættingjum og vinum þegar tilefni er til. Hvert eintak kostar 333 krónur í lausasölu, en 10 eintök fást á 2.500 kr. og 100 á 20.000 kr. Áhugasamir geta nálgast bæklinginn á skrifstofu SÍK, Basarnum eða á vefsíðunni saltforlag.is.

Hvers vegna Jesús?

Margir vita ekki hvaða afstöðu þeir eiga að taka til Jesús. Hvers vegna hafa svo margir áhuga á manni sem fæddist fyrir rúmum 2000 árum? Hvers vegna þörftumst við hans? Hvers vegna kom hann? Hvers vegna dó hann? Hvers vegna skyldi einhver vilja hafa fyrir því að komast að því?

„Þessi bók er skýrasta og best myndskreytta umfjöllun um Jesús í stuttu máli sem ég veit um og sú sem höfðar mest til fólks.“ Michael Green.



Nicky Gumbel er frumkvöðull Alfa-námskeiðsins. Hann lærði lögfræði í Cambridge og guðfræði í Oxford, starfaði sem lögfræðingur og síðar sem sóknarprestur Holy Trinity Church í London frá 2005 til 2022.

Fylgdu Nicky @nickygumbel
alpha.org
alfa.is



Hvers vegna Jesús?

Alpha

Nicky Gumbel

Við minnum á...

Gjafakort SÍK

kjörin til að gefa í afmælisgjöf, jólagjöf eða við önnur tækifæri.

Minningarkort SÍK

Góð kveðja og leið til að votta samúð.

Basarinn

Nytjamarkaðurinn Basarinn er opinn frá kl. 12:00 til 18:00 mánudaga til föstudaga í Austurveri (Háaleitisbraut 68).

Fylgist með á facebook.com/basarinn eða hringið í síma 562 6700.



Sumargjöf til kristniboðsins

Áskrifendur Kristniboðsfrétta fá senda valkröfu frá SÍK í netbanka sinn nú um mánaðarmót maí og júní. Upphæðin að þessu sinni er 5.000 krónur en hugsunin er að senda aðra valkröfu í desember og þeir áskrifendur sem greiða báðar ná lágmarki fyrir skattaafslátt sem er 10 þúsund krónur á ári.

Kristniboðsstarfið hefur frá fyrstu tíð verið borið uppi af glöðum gefendum, fólki sem hefur haft löngun eða köllun til að styðja við starfið með fjárframlögum sínum. Margar gjafir, smáar og stórar, hafa

orðið ótalmörgum til blessunar. Kraftur fagnaðarerindisins hefur leyst fólk úr fjötrum sektar og ótta og gefið því nýja byrjun og sjálfsmat sem aftur hefur knúið margt hvert til dáða. Kærleikur Krists hefur yfirgnæft skömm og brætt hatur.

Kristniboðsstarfið hefur alla tíð verið boðun í orði og kærleikspjónusta í verki, án skilyrða og þvingunar. Jesús Kristur sjálfur mætti fólki með opinn faðm sinn og án allra skilyrða. Þannig hafa einnig hundruð þúsunda notið lækniástoðar, hjúkrunar, fengið aðgang að hreinu vatni

og notið menntunar fyrir starf og stuðning Kristniboðssambandsins. Það hefur aðeins verið hægt vegna gjafa fjölda einstaklinga og fjáröflunar kristniboðsfélaganna.

Gefum gjöf til kristniboðsins með hjálp valkröfu, tökum þannig þátt í verki Drottins fólki til björgunar og blessunar. Einnig má leggja inn beint á bankareikning 0117-26-002800, kt. er 550269-4149, hvort sem er hærri, sömu eða lægri upphæð.

Með fyrir fram þökk,
Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri

Heim til Afríku

– Frásögn af kynnisferð á slóðir kristniboðanna í Keníu



Kjartan Jónsson kristniboði, prestur og mannfræðingur hélt til Keníu í janúar með hóp presta og annarra áhugasamra til að kynna sér starfið á vettvangi.

Í janúar síðastliðnum hélt Kjartan Jónsson, kristniboði og prestur og mannfræðingur, til Keníu þar sem hann átti að kenna á námskeiði í Pókot héraði. Með í för var hóp prests og leikmanna frá Íslandi að kynna sér starf íslenskra kristniboða og um leið að heimsækja höfuðborgina Nairobi og þjóðgarðinn Masai Mara. Einn í hópnum, Örn Bárður Jónsson prestur skrifaði um ferðina á bloggsíðu sinni og hér birtist hluti hennar með leyfi hans. Ferðin tók um tvær vikur og þegar hópurinn hélt heim fór Kjartan aftur til Pókot að kenna í þrjár vikur á námskeiði fyrir djákna og prédikara. Hér fylgir brot úr frásögn Arnar Bárðar Jónssonar, en ferðasöguna í heild má lesa á [ornbardur.com/2023/02/01/heim-til-](http://ornbardur.com/2023/02/01/heim-til-afriku/)

afriku/ og þar eru bæði teikningar og ljósmyndir höfundar.

Haldið til Pókot

Fimmtudaginn 12. janúar lögðum við upp frá Nairobi og ókum norður til Pókot. Sú ferð tók um 11 tíma og við áðum einu sinni á Midland Hotel í Nakuru og neyttum góðs matar og nýttum okkur salernisaðstæður. Við komum til Kapengúría um kvöldið og komum okkur fyrir í tveimur húsum.

Við heimsóttum safn um stjórnmalasögu og skoðuðum þar hefðbundin íveruhús fólks til sveita, hringlaga kofa og einnig sáum við fangaklefa þar sem forystumenn í stjórnarandstöðu voru í haldi á tímum Breta. Þar var klefi merktur Jomo Kenyatta sem síðar varð forseti.

Föstudaginn 13. janúar mættum við í miðstöð Lúthersku kirkjunnar á sömu lóð og hittum þar ritara biskupsdæmisins, Paul að nafni. Hann sagði frá starfinu á sinni skrifstofu sem þætti nú varla boðleg heima á Fróni. Í umdæmi hans starfa

prestar, djákna og prédikarar, samtals um 140 manns.

Á ferð um héraðið

Næstu daga heimsóttum við ýmsa söfnuði í héraðinu og hittum heimafolk sem alls staðar tók okkur opnum örmum og af stakri gestrisni, bauð uppá einfaldan mat, hæsnakjöt í soði ásamt ugali sem er réttur gerður úr maís. Til er spariútgáfa af sama rétti úr hirsu sem við fengum einnig að smakka á. Við fengum sama réttinn á öllum stöðum ásamt vatni á flöskum og sætum gosdrykkjum. Þau gáfu það besta sem þau áttu. Boðið var uppá handþvott fyrir matinn. Innfæddur kom með vaskafat með sápu og annar vatn í kónnu til að skola hendur að þvotti loknum. Handhægt og einfalt og án allra pípulagna.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK, hefur unnið þrekvirki í Keníu. Þar hafa starfað margir kristniboðar og nefna má m.a. hjónin Skúla Svavarsson og Kjellrúnu Langdal, Ragnar Gunnarsson og Sigríði



Vatnslitamynd af akasiutré í Masai Mara.



Heimamaður með hljóðbókarbiblíu.

Hrönn Sigurðardóttur og svo okkar mann, Kjartan Jónsson og konu hans Valdís Magnúsdóttur.

Kjartani var alls staðar fagnað sem höfðingja og hann talaði til fólks í kirkjunum á reiprennandi swahili. Fólk hrópaði: Kjartan, Kjartan og fagnaði honum innilega. Hann hitti unga menn sem voru orðnir prédikarar eða prestar og hann hafði skírt sem börn.

Flestir safnaðanna byrjuðu undir tré þar sem kristniþóðinn hitti nokkra áheyrendur og sagði frá Jesú Kristi. Aftur og aftur heimsótti kristniþóðinn hópinn undir sama trénu, ók oftast á skellinöðru margra kílómetra leið eftir holóttum vegum í steikjandi hita til að hitta fólk sem vildi heyra gleðitiðindin um Jesú frá Nazaret.

Nú hafa verið byggð mörg kirkjuhús og við fengum að sjá nokkur þeirra og hitta þar syngjandi fólk sem geislaði af gleði yfir því að hafa öðlast trú og nýja lífssýn með ferskum viðmiðum og lífsmáta sem byggir á kærleika Guðs. Sú upplifun var hrífandi og við, Íslendingarnir, sungum saman á hverjum stað, sunnudagaskólasöngva eins og sönginn um elsku Guðs sem er svo há og djúp og breið að enginn kemst út úr henni og ennfremur sönginn góða, Daginn í dag . . . gerði Drottinn Guð.

Lútherska kirkjan í norðvestur Keníu hefur byggt rúmlega 100 grunnskóla og 34 framhaldsskóla og þar af hefur SÍK safnað fyrir 16 grunnskólum og 12 framhaldsskólum. Söfnuðirnir eru orðnir rúmlega 300 og flestir eiga þeir sína kirkjubyggingu. Við skoðuðum m.a. tvær kirkjur sem gefnar hafa verið hvor fyrir sig af tvennum íslenskum hjónum.

Góðir dagar og góðar stundir

Á kvöldin í Kapengúría, þar sem við gistum í tveimur húsum, hittumst við og höfðum andakt hvert kvöld, lásum hugvekju úr bók eftir séra Karl Sigurbjörnsson, biskup, báðum saman og rifjuðum upp það sem þar fyrir augu þann daginn og horfðum fram til næsta dags. Kvöldin voru myrk við miðbaug og himinninn stjörnum prýddur.

Við höfðum flest tekið með okkur fatnað að heiman til að skilja eftir og í Pókot glöddust margir yfir góðum gjöfum. Þaklætið skein úr augum og í sumum tilfellum steig fólk dans í gleði sinni.

Við fórum á sunnudegi og skoðuðum stað þar sem kristniþóðarnir íslensku höfðu fyrst hitt fólk í skugga trés. Seinna reis kirkja á staðnum. Við komum á annan stað, hátt uppi í fjöllum og þar var kirkja. Aldraður maður sem hafði lagt mikið til kirkjustarfsins bjó þar á góðri landareign. Hann hefði viljað verða prestur en það var ekki leyft þar sem hann á 3 konur og 30 börn. En hann var einn af stólpum safnaðarins og hafði komið öllum sínum börnum til mennta. Einn sonur missti hann ungan og Kjartan jarðsöng hann. Það voru fagnaðarfundir þegar þeir hittust, Kjartan og öldungurinn.

Síðan lá leiðin til Masai Mara og aftur þaðan til Nairobi og heim.

Örn Bárður Jónsson



Loksins á íslensku!*

Hjarta kristinnar trúar** *

(Mere Christianity) eftir C.S. Lewis

Í ár eru 125 ár frá fæðingu og 60 ár frá andláti C. S. Lewis. Bók hans, Hjarta kristinnar trúar** (Mere Christianity á ensku), hefur selst í milljónum eintaka á heimsvísu og komið út á 36 tungumálum heims. Enn selst hún vel og var árið 2000 valin af ritstjórum Christianity Today sem áhrifamesta bókinn meðal kristinna lesenda á liðinni öld.

Uppstaða bókarinnar er útvarpserindi höfundar á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Þar útskýrði hann og varði trú og sannfæringu kristins fólks alls staðar og á öllum tímum. Bókin horfir á kjarnann og það sem sameinar alla, óháð kirkjudeild. Skrif höfundar eru beitt, ágeng og snjöll – og enn fersk og hrífandi sem staðfestir orðstír C. S. Lewis sem einn af helstu hugsuðum og höfundum okkar tíma.

Bókin er væntanleg í lok ágúst og er nú seld í forsölu til loka júnímánaðar. Ráðlagt útsöluverð er 4.444 krónur með vsk. en getur orðið hærra. Forsöluverð er kr. 4.000 fyrir eitt eintak, kr. 7.000 fyrir tvö eintök og 10.000 fyrir þrjú eintök. Bókin verður harðspjalda og hentug til gjafa. Póstkostnaður greiðist af útgefanda. Með kaupum í forsölu aukast líkur á meiri dreifingu og stærra upplagi.

*Reyndar komu hlutar bókarinnar, þ.e. um helmingur hennar, út árin 1946 og 1947 sem Rétt og rangt og Guð og menn í útgáfu Bókagerðarinnar Lilju.

**Þetta er vinnutitill þýðingarinnar en endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir.

Ganga má frá kaupum með eftirtöldum hætti:

1. Með því að leggja inn á bankareikning nr. 0117-26-017475 í nafni Salts ehf, kt. 60067-0789. Merkja þarf greiðsluna Lewis (og Lewisx2 og Lewisx3) ef keyptar eru fleiri bækur. Gott er að senda staðfestingu á pontun@saltforlag.is
2. Með því að panta bókina fyrir fram á saltforlag.is. Þrjú möguleikar eru; fyrir eina, tvær eða þrjár bækur. Ekki þarf að velja póstkostnað.
3. Með því að hringja í síma 533 4900. Sé ekki gengið frá greiðslu við pöntun bætist kostnaður vegna greiðsluseðils við.

